

# Aðalfundur Golfklúbbsins Keilis
# 6. desember 2011

**Skýrsla formanns | Ársreikningur 2011 | Fjárhagsáætlun 2012**

# Ársskýrsla Golfklúbbsins Keilis 2011

# Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Keilis 2011

Á aðalfundi Keilis sem haldinn var í Golfskála Keilis mánudaginn 13. desember 2010 var stjórn þannig kosin:

**Bergsteinn Hjörleifsson, formaður** til eins árs.
Fyrir í stjórn til næsta árs voru **Jóhannes Pálmi Hinriksson og Guðmundur Haraldsson**
Til tveggja ára voru kosnir **Arnar Borgar Atlasson og Hálfdan Þór Karlsson**
Til eins árs gáfu kost á sér þau **Sveinn Sigurbergsson og Ingveldur Ingvarsdóttir.**



## Stjórn Keilis var því þannig skipuð á starfsárinu:

| | |
|---|---|
| **Bergsteinn Hjörleifsson** | formaður |
| **Sveinn Sigurbergsson** | varaformaður |
| **Guðmundur Haraldsson** | ritari |
| **Pálmi Hinriksson** | gjaldkeri |
| **Arnar Borgar Atlason** | meðstjórnandi |
| **Hálfdan Þór Karlsson** | meðstjórnandi |
| **Ingveldur Ingvarsdóttir** | meðstjórnandi |

## Endurskoðendur ársreiknings:

Aðalmaður, Gunnar Hjaltalín og til vara Sigurður T Sigurðsson.

Á starfsárinu voru haldnir 14 formlegir stjórnarfundir, auk fjölmargra vinnufunda nefnda vegna undirbúnings móta og fleira ásamt fjölda annarra viðræðufunda.

Í upphafi árs 2011 voru **1.341** félagar í Golfklúbbnum Keili, en í lok árs eru þeir **1.283.**
Þar af eru **160** félagar skráðir á Sveinskotsvöll.
Í ár fækkaði félögum um **58.**
Á biðlista eru **21** manns.



## Skipting félagsmanna eftir kyni og aldri er þannig:




## Starfsmenn

| | |
|---|---|
| **Framkvæmdastjóri:** | Ólafur Þór Ágústsson. |
| **Vallarstjóri:** | Daniel Harley. |
| **Aðstoðar vallarstjóri:** | Sveinn Steindórsson. |
| **Skrifstofa:** | Guðbjörg Sigurðardóttir og Ágúst Húbertsson. |
| **Hraunkot:** | Kristinn Kristinsson. |

## Golfkennarar
Björgvin Sigurbergsson, Sigurpáll Geir Sveinsson og Jóhann Hjaltason.

## Aðrir starfsmenn
Sigurður Þorgeirsson, Michael King, Bjarki Sigurjónsson, Guðmundur Atli Arnarsson, Jón Viðar Guðmundsson, Magnús Freyr Egilsson, Ólafur Ágúst Ingasson, Patrekur Árni Leví Gunnarsson, Sigurður Guðjónsson, Snorri Már Gylfasson, Stefán Rafn Sigurmannsson, Tommy F. Nielsen, Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Andri Már Stefánsson, Arnar Þór Ingason, Birgir Vestmar Björnsson, Steinar Páll Ingólfsson og Óskar Kristinsson.
Auk þess starfaði hópur unglinga frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar.

## Aðstoðarfólk golfkennara
Signý Arnórsdóttir, Jódís Bóasdóttir, Rúnar Arnórsson , Hjörleifur Bergsteinsson, Axel Bóasson og Steinn Freyr Þorleifsson.

## Eftirlitsmenn og ræsar
Ágústa Sveinsdóttir, Baldvin Jóhannsson, Elías Þ. Magnússon, Helgi Runólfsson, Haukur Jónsson og Guðbjartur Þormóðsson.

## Starfsfólk í golfvöruverslun
Helga Gunnarsdóttir, Sindri Haraldsson og Örn Bragason.

## Starfsfólk í Hraunkoti
Kristinn S. Kristinsson, Hjörleifur Bergsteinsson og Birgir Vestmar Björnsson.

## Þjónustusamningar
Brynja Þórhallsdóttir: Eldhús og veitingar.

## Ræstingar
Iss á Íslandi.



# Nefndir

## Afreksnefnd og unglinganefnd
Sveinn Sigurbergsson, Arnar Borgar Atlason og Hálfdan Þór Karlsson.

## Kappleikjanefnd
Guðmundur Haraldsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Ólafur Þór Ágústsson og Ágúst Húbertsson.

## Vallarnefnd
Sveinn Sigurbergsson, Ólafur Þór Ágústsson, Guðlaugur Georgsson, Daniel Harley og Sveinn Steindórsson.

## Öldunganefnd
Ágúst Húbertsson.

## Foreldraráð
Elín Harðardóttir, Erla Björk Hjartardóttir, Guðrún Gerður Steindórsdóttir, Kristján Örn Kristjánsson, Hafþór Hafliðason og Víðir Már Atlason.

## Aganefnd
Guðjón Sveinsson og Ólafur Þór Ágústsson.

## Forgjafarnefnd
Ágúst Húbertsson, Guðmundur Haraldsson, Ólafur Þór Ágústsson og Pálmi Hinriksson.

## Orðunefnd
Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason og Ágúst Húbertsson.

## Kvennanefnd
Ingveldur Ingvarsdóttir, Þórdís Geirsdóttir, Ólöf Baldursdóttir, Hulda Soffía Hermannsdóttir, Birna Ágústsdóttir, Margrét Sigmundsdóttir og Hjördís Sigurbergsdóttir.

## Nýliðanefnd
Ingveldur Ingvarsdóttir, Sigurpáll Geir Sveinsson.

## Laganefnd
Jónas Aðalsteinsson, Jóhann Níelsson og Sveinn Snorrason.

## Skemmtinefnd
Ólafur Þór Ágústsson og Guðmundur Haraldsson.

## Liðstjórar
Benedikt Sveinsson, Kristinn S. Kristinsson, Kristjana Aradóttir, Ágúst Húbertsson, Arnar Atlason, Jón Viðar Magnússon, Knútur Bjarnason, Helga Friðriksdóttir, Sveinberg Gíslason, Björgvin Sigurbergsson og Sigurpáll Geir Sveinsson.



# Framkvæmdir 2011

Eins og undanfarin ár var unnið áfram að stækkun vökvunarkerfis Hvaleyrarvallar, klárað var að setja úðunarhausa í fyrstu brautina ásamt því að sjöunda brautin var kláruð fram að horni frá flötinni séð. Ekki vitum við hvernig þetta ár hafi farið án vökvunarkerfisins og þessi fjárfesting hefur margborgað sig fyrir klúbbinn. Í ljós kom að í því tíðarfari sem var í sumar, að það kerfi sem hannað var fyrir völlinn hafði vart undan í þeim miklu þurrkum sem herjuðu á okkur og lentu vallarstarfsmenn í talsverðum vandræðum fram eftir sumri.

Áfram var unnið í betrumbótum á teigum vallarins, nýr hvítur teigur á fjórðu var gerður ásamt því að áttundi teigur karla var stækkaður. Einnig var á haustdögum 2010 unnið í þrettánda teig karla en hann var stækkaður til muna.

Fyrir næsta vor er áætlað að lagfæra glompur fyrir framan flötina á sautjándu braut ásamt að endurgera glompur í kringum fjórtándu flötina.

Mesta vinnan í haust hefur farið í lagfæringar á skemmdum eftir þurrka sumarsins með endurtyrfingum og talsvert verður lagt niður af gervigrasi til að vernda gönguleiðir að og frá flötum, sérstaklega í Hrauninu.
Miklar framkvæmdir voru í Hraunkoti um mánaðarmótin, lagfært var lendingarsvæði sem hafði farið illa og það endurtyrft. Til að reyna að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig var fyllt uppí glompur sem afmörkuðu lendingarsvæði bolta og kemur það í veg fyrir að starfsmenn þurfi að taka jafn krappar beygjur við boltatínslu og slíta þannig svæðið upp.

Þá var byrjað nú á dögunum að endurgera fyrsta teiginn á Sveinskotsvelli og þeirri vinnu verður lokið fyrir næsta vor. Teigurinn verður stærri en nú er og mun bæta ásýnd Sveinkotsvallar mikið.

## Merkingar

Haldð var áfram með að smíða vegvísa, teigmerki og aðrar merkingar fyrir golfvöllinn. Með þessari vinnu er verið að vinna að heildarútliti allra merkinga. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Garðabæ þar sem einhverfir einstaklingar sjá um smíðina undir stjórn Guðlaugs Georgssonar.

## Vélakaup

Á árinu var keypt flatarsláttuvél frá MHG verslun, hún er að nýrri kynslóð sláttuvéla svokölluð Hybrid vél sem er um 50% ódýrari í rekstri en eldri flatarsláttuvélar og laus við alla olíumengun sem plagað hefur vallarstarfsmenn í gegnum tíðina. Einnig var smíðuð sandharpa til að harpa sand sem gefst inná svæði golfklúbbsins. Talsverður sparnaður er í að geta unnið allt efni inná svæðinu og einnig aukast gæði sandsins sem unnið er með t.d í söndun á flötum og teigum. Einnig var fjárfest í kraftmiklum blásara til að þrífa göngustíga og fleira tilfallandi á golfvallarsvæðinu.



# Íþróttalegur árangur 2011

Það sem stóð hæst uppúr í íþróttalegum árangri Keilis í ár var stórglæsilegur sigur Axels Bóassonar á Íslandsmótinu í höggleik þar sem hann sigraði nokkuð örugglega. Einnig á Keilir í öllum aldursflokkum mjög efnilega unglinga sem eiga eftir að skipa sér í raðir okkar bestu afreksmanna, sérstaklega skal taka fram góðan árangur krakkana okkar á áskorendamótaröð og mótaröð GSÍ, vakti árangur yngri kylfinganna mikla athygli á síðasta ári.
Árangur kylfinga í Keili árið 2011 er sem hér segir:

## Golfklúbburinn Keilir vann til 11 Íslandsmeistaratitla og 8 Stigameistaratitla.

| | |
|---|---|
| Axel Bóason | Íslandsmeistari karla í höggleik |
| Birgir Björn Magnússon | Íslandsmeistari höggleik 14 og yngri |
| Guðrún Brá Björgvinsdóttir | Íslandsmeistari höggleik telpna 17- 18 ára |
| Sigrún Margrét Ragnarsdóttir | Íslandsmeistari LEK konur 65+ |
| Sigrún Margrét Ragnarsdóttir | Íslandsmeistari með forgjöf LEK konur 65+ |
| Þórdís Geirsdóttir | Íslandsmeistari, konur 35 ára og eldri |
| Gísli Sveinbergsson | Íslandsmeistari holukeppni 14 ára og yngri |
| Anna Sólveig Snorradóttir | Íslandsmeistari holukeppni telpna 15-16 ára |
| Guðrún Brá Björgvinsdóttir | Íslandsmeistari holukeppni telpna 17- 18 ára |
| Anna Sólveig Snorradóttir | stigameistari í flokki telpna 15 - 16 ára |
| Guðrún Brá Björgvinsdóttir | stigameistari telpna 17 - 18 ára |
| Gísli Sveinbergsson | stigameistari stráka 14 ára og yngri |
| Signý Arnórsdóttir | stigameistari kvenna |
| Atli Már Grétarsson | stigameistari 14 og yngri, áskorendamótaröð |
| Sigurlaug Rún Jónsdóttir | 14 og yngri, áskorendamótaröð stelpur |
| Golfklúbburinn Keilir | stigameistari GSÍ í kvennaflokki. |
| Golfklúbburinn Keilir | stigameistari GSÍ í unglingaflokkum. |
| Sveitakeppni | GSÍ strákar 16-18 ára |
| Sveitakeppni | GSÍ Stelpur 16-18 ára |





# Annar árangur kylfinga Keilis

## Júlíusarbikarinn
Axel Bóasson

## Íslandsmót í höggleik

| | |
|---|---|
| Tinna Jóhanndsóttir | 2.sæti kvennaflokkur |
| Signý Arnórsdóttir | 3.sæti kvennaflokkur |

## Íslandsmót í holukeppni

| | |
|---|---|
| Signý Arnórsdóttir | 2.sæti kvennaflokkur |

## Íslandsmót ungl.í höggleik

| | |
|---|---|
| Benedikt Sveinsson | 3.sæti strákaflokkur 17-18 ára |
| Anna Sólveig Snorradóttir | 2.sæti stúlkuflokkur 15-16 ára |
| Ísak Jasonarson | 2.sæti strákaflokkur 15-16 ára |
| Þóra Kristín Ragnarsdóttir | 3-4.sæti stúlkuflokkur 14 ára og yngri |
| Gísli Sveinbergsson | 2.sæti strákaflokkur 14 ára og yngri |

## Íslandsmót ungl. í holukeppni

| | |
|---|---|
| Saga Ísafold Arnarsdóttir | 3.sæti stúlkuflokkur 17-18 ára |
| Sara Margét Hinriksdóttir | 2.sæti stúlkuflokkur 15-16 ára |
| Ísak Jasonarson | 3.sæti strákaflokkur 15-16 ára |
| Birgir Björn Magnússon | 2.sæti strákaflokkur 14 ára og yngri |
| Þóra Kristín Ragnarsdóttir | 2.sæti stúlkuflokkur 14 ára og yngri |

## Stigamót GSÍ

| | |
|---|---|
| Saga Ísafold Arnarsdóttir | 2.sæti stúlkuflokkur 17-18 ára |
| Högna Kristbjörg Knútsdóttir | 3.sæti stúlkuflokkur 17-18 ára |
| Ísak Jasonarson | 3.sæti strákaflokkur 15-16 ára |
| Þóra Kristín Ragnarsdóttir | 2.sæti stúlkuflokkur 14 ára og yngri |
| Birgir Björn Magnússon | 2.sæti strákaflokkur 14 ára og yngri |

## Íslandsmót eldri kylfinga
Án forgjafar

| | |
|---|---|
| Sigurjón R Gíslason | 2.sæti karlaflokkur 70 ára + |
| Jens Karlsson | 3.sæti karlaflokkur 70 ára + |
| Jens Karlsson, með forgjöf | 2.sæti karlaflokkur 70 ára + |

## Íslandsmeistsarar í sveitakeppni GSÍ Þau sem skipuðu sigursveitir Keilis 2011

### 16-18 ára, Stelpur
Liðstjóri: Arnar B. Atlason

Leikmenn: Anna Sólveig Snorradóttir, Bryndís María Ragnarsdóttir, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Hildur Rún Guðjónsdóttir, Högna Kristbjörg Knútsdóttir og Saga Ísafold Arnarsdóttir



### 16-18, Strákar
Liðstjóri: Björgvin Sigurbergsson

Leikmenn: Benedikt Sveinsson, Benedikt Árni Harðarson, Dagur Ebenezarsson, Ísak Jasonarson og Ragnar Ágúst Ragnarsson

## Annar árangur í sveitakeppni GSÍ

| | |
|---|---|
| A-sveit Keilis í drengjaflokki 14 ára og yngri | 2.sæti |
| A-sveit Keilis í stúlkuflokki 14 ára og yngri | 2.sæti |
| A-sveit Keilis í kvennaflokki | 2.sæti |

## Í keppni og til æfinga með landsliðum Íslands 2011 völdust
Axel Bóasson, Dagur Ebenezarsson, Benedikt Sveinsson, Anna Sólveig Snorradóttir, Rúnar Arnórsson, Signý Arnórsdóttir, Guðrún Brá Björgvinsdóttir og Tinna Jóhannsdóttir

## Landslið eldri kylfinga
Erla Adólfsdóttir, Kristjana Aradóttir, Tryggvi Þór Tryggvason, Guðjón Sveinsson, Jens Karlsson, Pétur Elíasson og Sigurjón R Gíslason.

# Klúbbmeistarar Keilis 2011

**Björgvin Sigurbergsson** og **Tinna Jóhannsdóttir.**
Alls kepptu 410 kylfingar og hefur meistaramótið aldrei verið glæsilegra og klárlega ein af aðal golfveislum ársins.



## Bikarmeistari Keilis 2011

Helgi Runólfsson

## Gildandi vallarmet

| | |
|---|---|
| Auðunn Einarsson | GK 63 högg af hvítum teigum (meistaramót Keilis 2008). |
| Ólafur Már Sigurðsson | GK 64 högg af gulum teigum (2004). |
| Ragnhildur Sigurðardóttir | GR 68 högg af bláum teigum (2005). |
| Ágúst Elí Björgvinsson | GK 67 högg af rauðum teigum (2009). |
| Ragna Björk Ólafsdóttir | GK 68 högg af rauðum teigum (2008) |
| Gísli Sigurðsson | GK 72 högg af rauðum teigum (2003) vallarmet 70 ára + |

## Hola í höggi

**Eftirtaldir Kylfingar fóru holu í höggi á árinu 2011 og tilkynntu til skrifstofu Keilis.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jóhannes Jón Gunnarsson | GK | 02.apríl Victoria Hills | 7.flöt |
| Guðbjartur Þormóðsson | GK | 12.maí Keilisvöllur | 4.flöt |
| Guðmundur V. Gústafsson | GHO | 4.júní Keilisvöllur | 6.flöt |
| Páll Bjarnason | GR | 4.júní Keilisvöllur | 4.flöt |
| Helga Gunnarsdóttir | GK | 17.júní Keilisvöllur | 4.flöt |
| Hildur Rún Guðjónsdóttir | GK | 26.júní Keilisvöllur | 10.flöt |
| Erla H Helgadóttir | GKG | 18.ágúst Keilisvöllur | 6.flöt |
| Magnús Helgason | GK | 21.ágúst Keilisvöllur | 10.flöt |
| Hjalti Þór Pálmason | GR | 25.ágúst Keilisvöllur | 4.flöt |
| Vilhjálmur Þór Pálsson | GOS | 04.sept Keilisvöllur | 10.flöt |
| Herbert Valdimarsson | GK | 29.sept Keilisvöllur | 4.flöt |
| Guðmundur Haraldsson | GK | 09.okt Keilisvöllur | 6.flöt |

### Sveinskotsvöllur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurður B Halldórsson | GK | 28.maí | 9.flöt |
| Eyþór Einarsson | GK | 16.ágúst | 1.flöt |
| Engilráð Inga Guðmundsdóttir | GK | 25.júní | 6.flöt |



# Félagslíf

## Kvennastarf

Kvennastarf Keilis var með hefðbundnum hætti árið 2011. Starfið hófst með púttmótum í janúar, haldin voru 10 mót og giltu 4 bestu til verðlauna. Púttmeistari 2010 var Þórdís Geirsdóttir með 118 högg fyrir 4 mót. Góð þátttaka var í púttmótunum, 90 konur komu einu sinni eða oftar í mótin. Haldin voru 8 mót í sumarmótaröð Keiliskvenna og giltu 4 bestu til verðlauna. Alls tóku 85 konur þátt í þessum mótum einu sinni eða oftar. Á Hvaleyrarvelli er keppt í tveimur forgjafaflokkum þ.e. 0 – 18 í forgjöf og 18.1 – 34 í forgjöf og á Sveinskotsvelli voru mót fyrir þær sem eru með yfir 34 í forgjöf. Sigurvegarar sumarmótaraðarinnar voru Kristrún Runólfsdóttir í forgjafaflokki 18.1 – 34 með 140 punkta fyrir 4 mót og Þórdís Geirsdóttir í forgjafaflokki 0 – 18 með 138 punkta fyrir 4 mót. Á Sveinskotsvelli var Sigrún Pétursdóttir sigurvegari með 81 punkt, en á Sveinskotsvelli voru spilaðar 9 holur í mótunum. Haldið var vinkvennamót með Oddskonum í júlí, þetta voru 2 mót, Oddskonur komu og spiluðu með okkar konum á Keilisvelli og Keiliskonur fóru síðan og spiluðu með Oddskonum á Urriðakotsvelli. Keiliskonur unnu þetta mót annað árið í röð. Auk þessara móta var einnig haldið Hatta- og pilsamót á Sveinskotsvelli í júní og haustferð Keiliskvenna var farin til Stykkishólms í ágúst. Aðalkvennamót sumarsins Siggu og Timo kvennamótið var fyrstu helgina í september, þátttakendur þar voru 136, sigurvegari var Sigríður Björk Guðmundsdóttir NK á 40 punktum.

## Innanfélagsmót

Það er ánægjulegt hversu góð þátttakan var í innanfélagsmótum Keilis, þátttakendur voru samtals 1.780. Meira var lagt uppúr verðlaunum í ár í innanfélagsmótunum og mæltist það vel fyrir, hugmyndin var að gefa félagsmönnum tækifæri að spila í mótum við lægra gjaldi en gengur og gerist í opnum mótum og keppa um glæsileg verðlaun í leiðinni.

## Æfingaferð

Þjálfarar Golfklúbbsins Keilis, héldu með rúmlega 30 manna hóp einstaklinga úr æfingahópum félagsins til Spánar í apríl 2011. Nánar tiltekið til Costa Ballena sem er á svæðinu milli Cadiz og Jerez. Ferðin var liður í hefðbundnum undirbúningi fyrir keppnishald sumarsins. Ferðin tókst í alla staði vel þá viku sem hún stóð yfir, þjálfurum og iðkendum til mikils sóma. Þetta er í þriðja skipti sem farið er á Costa Ballena svæðið með Heimsferðum. Er óhætt að mæla með því enda býður svæðið upp á frábæra aðstöðu til æfinga ásamt 27 holu golfvelli.

## Skemmtanir

Haldið var upp á Jónsmessuna 2. júlí. Þátttakan var mjög góð, alls tóku 60 keppendur þátt í Jónsmessugleðinni að þessu sinni. Bændaglíma var haldin laugardaginn 1. október, þátttakan var frábær 98 manns tóku þátt í Bændaglímunni. Bændur voru þeir Arnar Haukur Ævarsson og Egill Strange. Lið Arnars sigraði. Það er greinilegt að þessar uppákomur báðar eru orðnar það fjölmennar að verulega þrengir að gestum. Undanfarin ár hefur þurft að takmarka þátttöku við 80 keppendur því salurinn tekur ekki fleiri. Síðastliðin tvö ár hefur hluti gesta þurft að sitja frammi við forstofu, við það slitnar hópurinn í sundur sem er ekki æskilegt.

Afreksmannahóf Keilis hefur verið er fastur liður á hverju ári, hófið var haldið að venju í janúar. Afreksfólki Keilis ásamt mökum var boðið til hófsins.

Á fimmtudagskvöldum eru bridgekvöld, en spilakvöldin hafa verið haldin allt frá því að við fluttum í þennan golfskála. Það eru fáir atburðir eins fastir í sessi í félagslífinu ef golfið er undanskilið. Frá upphafi hefur Guðbrandur Sigurbergsson haft umsjón með þessum kvöldum.

Áhugasamir félagar um knattspyrnu hittast líka á laugardagsmorgnum og tippa.
Öllum félagsmönnum er velkomið að mæta og taka þátt í getraunastarfsemi Keilis og mynda nýja hópa. Þess má geta þess að Balli er alltaf með heitt á könnunni.

## Golfkennarar og golfleiðbeinendur

Á liðnu ári sáu golfkennarar okkar þeir Sigurpáll geir Sveinsson, Björgvin Sigurbergsson og Jóhann Hjaltason ásamt nokkrum afrekskylfingum sem voru þeim til aðstoðar um golfæfingar unglinga og afrekshópa Keilis ásamt því að sjá um sumarnámskeið Keilis fyrir börn og unglinga. Þökkum við þeim fyrir mjög gott starf á liðnu ári.

## Foreldraráð

Foreldraráð Keilis hefur verið starfrækt síðan 2007, en þá var hlutverk þess skilgreint svo:

- Foreldraráð skal veita Golfklúbbnum og þjálfurum aðhald fyrir hönd foreldra.
- Foreldraráð skal hlutast til um félagsstarf utan æfinga og keppni, með það að markmiði að lágmarka brottfall iðkenda, sem er viðurkennt sérstaklega sem vandamál hjá unglingsstúlkum í öllum íþróttagreinum.
- Foreldraráð skal fylgja eftir atriðum sem lúta að keppnishaldi og æfingum, s.s. að umsjónarmaður sé til staðar á innanfélagsmótum, að æfingaáætlun og keppnisáætlun sumars liggi fyrir með góðum fyrirvara.
- Foreldraráð skal vera tengiliður vegna móta utan Keilissvæðis.
- Foreldraráð skal stuðla að auknum skilningi eldri kylfinga, við unglinga í æfingastarfi og við leik á völlum Golfklúbbsins.

Foreldraráð golfklúbbsins Keilir fundar að jafnaði einu sinni á mánuði og fer yfir þau mál sem upp úr standa. Þeir þættir sem foreldraráðið átti beina aðkomu að á liðnu ári eru:

- Spila- og pizzakvöld fyrir stúlkur í klúbbnum
- Aðkoma að fjáröflun vegna æfingaferðar til Spánar
- Skipulagning og framkvæmd á bingói fyrir æfingahóp
- Skipulag og framkvæmd Álfagaldurs, sem er miðnæturgolfmót krakkanna í klúbbnum
- Aðkoma að skipulagi og framkvæmd við sölu á varningi á Víðistaðatúni 17. júní
- Aðhald og hagsmunagæsla fyrir hönd foreldra
- Vinna við stefnumótun Keilis

Alltaf er þörf á kraftmiklu fólki til að starfa í foreldraráði. Hafir þú áhuga á að starfa að félagsstörfum í þágu barna er stunda æfingar á vegum klúbbsins, þá hvetjum við þig til að hafa samband.

## Æfingaaðstaða Keilis

Í ár var í fyrsta sinn í sögu Hraunkots, æfingasvæðis okkar Keilismanna var samdráttur í seldum boltum, að vísu var meira um útleigu á inniaðstöðu og vógu þar þyngst tímar sem Golfklúbburinn Oddur nýtti sér til æfinga í stutta spilinu. Það þarf að halda vel á spilunum ef Hraunkot á að vera áfram sú tekjulind sem við viljum sjá til framtíðar. Boltaverði hefur verið stillt í hóf miðað við önnur sambærileg svæði og aðstöðunni haldið vel við til einsog kemur hér fram fyrr í skýrslunni undir liðnum framkvæmdir.

IPGA hefur eins og undanfarin ár verið með golfkennaraskólann í Hraunkoti þar sem útskrifaðir eru golfkennarar. Þá mætir til okkar eins áður og hópur eldri borgara úr Hafnarfirði á hverjum miðvikudagsmorgni og æfir púttstrokuna.

## Púttmótaraðir Hraunkots

Jólapúttmótaröð var haldin í Hraunkoti. Á gamlaársdag voru haldin tvö mót þ.e. púttmót í Hraunkoti og 9 holu golfmót á Hvaleyrinni, það voru 168 keppendur sem tóku þátt í mótunum tveimur.

Eftir áramótin voru haldin 8 púttmót í Hraunkoti og voru þau öll mjög vel sótt en um 275 manns sóttu mótin sem er glæsilegt og sýnir þörfina yfir golfafþreyingu yfir vetrarmánuðina.

## Samstarf við aðra golfklúbba

Í sumar voru samningar um aðgengi félagsmanna, með góðum afslætti, hjá eftirfarandi golfklúbbum:

- Golfklúbbi GS í Leiru
- Golfklúbbi GHR á Hellu
- Golfklúbbi Vatnsleysustrandar
- Golfklúbbnum Geysi
- Golfklúbbi Selfoss
- Golfklúbbi Borgarness

**Heimsóknir Keilis félaga á þessa velli eru eftirfarandi :**

Samtals voru þetta **1.928** leiknir hringir, en voru í fyrra **1.889.**



## Leiknir hringir 2011

Samkvæmt rástímaskráningu voru leiknir alls 39.785 hringir hjá Golfklúbbnum Keili á síðasta sumri. Á árinu 2010 voru leiknir 39.895, má segja að erfitt vor hafi verið um að kenna að leiknir hringir eru færri á milli ára. Á aðalvelli voru leiknir hringir af félagsmönnum um 65% af notkuninni og að meðaltali fóru um 176 kylfingar í gegnum völlinn á degi hverjum á meðan opið var. Á Sveinskotsvelli var notkunin 62% af félagsmönnum og í gegnum þann völl fóru 58 kylfingar á dag. Má af þessum tölum sjá að Keilisvellirnir eru mjög vel nýttir.

**Skipting er eftirfarandi :**

| | | |
|---|---|---|
| Hvaleyrarvöllur | **29.725** | hringir |
| Sveinskotsvöllur | **10.060** | hringir |






## Lokaorð

Keilir eignaðist Íslandsmeistara karla í höggleik (áttum Íslandsmeistara kvenna í fyrra), ásamt fjölda Íslandsmeistaratitla í unglingaflokkum og enn og aftur var Golfklúbburinn Keilir með lægsta meðalskor unglinga á GSÍ mótaröðinni og er þetta þriðja árið í röð sem við fáum þessa viðurkenningu. Unglingar Keilis hafa alltaf fengið þessa viðurkenningu frá því að GSÍ byrjaði að veita hana og er þetta frábær árangur fyrir unglinga- og afreksstarf Golfklúbbsins Keilis.

Framkvæmdir munu fara eftir fjárhag klúbbsins en áætlað er að fara í framkvæmdir á par 3 holunni fyrir aftan 15. teig og aðrar lagfæringar og snyrtingu á Sveinskotsvelli.

Að öllum líkindum munu vinavellir verða áfram þeir sömu og voru á síðasta starfsári.

Eins og flestum er kunnugt verður Golfklúbburinn Keilir með eitt mót á vegum GSÍ þann 12. til 14. júlí, er það áskorendamót karlalandsliða sem er undankeppni Evrópukeppni karlalandsliða. Ásamt okkar landsliði eru um 12 önnur landslið sem taka þátt, þar má nefna nokkur mjög sterk lið eins og England, Portúgal og Belgíu. Þetta er gríðarlega mikill heiður fyrir Golfklúbbinn Keili að hafa verið valin til að halda og hafa umsjón með þessu móti. Hingað til landsins kom framkvæmdarstjóri Evrópsku mótaraðarinnar og heimsótti og skoðaði nokkra velli hér á landi síðastliðið sumar. Má segja að afrakstur þeirrar heimsóknar sé framangreint mót.
GSÍ verður 70 ára á næsta ári og því er þetta stærsti viðburður sem GSÍ og íslenskur golfklúbbur hafa ráðist í um margra ára skeið.
Við eigum eftir að leita eftir sjálfboðaliðum til að standa að þessu verkefni, og vonumst við eftir að vel verði tekið í það af okkar félagsmönnum þegar við auglýsum eftir því. Undirbúningur og skipulagsvinna þessa verkefnis er þegar hafin.

Golfklúbburinn Keilir ætlar að sækjast eftir umhverfisvottun frá GEO, og er sú vinna hafin og áætlað er að henni verður lokið fyrir Evrópumót landsliða í sumar. Í þessu felst meðal annars að flokkun á rusli og meðvitaðri notkun á eiturefnum og áburðardreifingu á vellinum. Þetta mun svo verða kynnt nánar á næsta aðalfundi.

Golfklúbburinn Keilir hefur á undanförnum árum unnið að stefnumótun fyrir starfsemina með áherslu á gerð íþróttanámsskrár í golfþjálfun og golfkennslu. Það var árið 1998 sem fyrsta námsskráin leit dagsins ljós en hún hefur verið í reglulegri í endurskoðun frá þeim tíma. Á þessu starfsári hefur verið unnið að stefnumótun Golfklúbbsins Keilis fyrir árin 2011 – 2015 samhliða því að vinna að endurskoðun og nýrri framsetningu námsskrár í golfkennslu og golfþjálfun fyrir GK.

Markmið með nýrri stefnumótun er efla enn frekar fagmennsku á öllum sviðum í klúbbnum. Mikil áhersla var lögð á þjálfunarhluta starfsins í upphafi stefnumótunar þar sem meðal annars róttækar breytingar voru gerðar fyrir starfsárið 2011. Einnig var skipurit klúbbsins einfaldað en því er nú skipt upp í fjóra megin málaflokka sem stjórnað er af jafn mörgum fagnefndum. Í þeirri stefnumótunarvinnu sem nú er lokið er meðal annars farið yfir stefnu og markmið hverrar nefndar fyrir sig, málaflokkar skilgreindir og settir í framkvæmdaferli með ákveðnum tímasetningum. Hér liggur því ekki aðeins fyrir markviss mótun að stefnumiðum til næstu ára heldur einnig vinnuskjal sem ætlað er stjórnendum í Golfklúbbnum Keili til næstu fimm ára. Það er von að Golfklúbburinn Keilir megi áfram halda virðingu sinni sem einn af leiðandi golfklúbbum á Íslandi, vera framsækinn í margþættu starfi og að hver og einn iðkandi megi njóta vellíðunar í einstöku umhverfi.

Þessi stefnunótunarvinna var unnin undir styrkri handleiðslu Janusar Guðlaugssonar og þakka ég honum fyrir gott starf. Þessari vinnu lauk nú í byrjun nóvember.
Þessi vinna/skjöl verða svo birt á heimsíðunni en af þessu leiddi að heimasíðan þurfti endurnýjunar við til að þessar upplýsingar yrðu sem aðgengilegastar.
Það má segja að töluverð óánægja var í sumar með álag/fjölda móta sem var á golfvellinum. Á þessu var tekið í stefnumótunarvinnunni og er komin tillaga þess efnis hvernig skal staðið að mótahaldi og fjölda móta, verður hún lögð til samþykktar á þessum aðalfundi og verður þetta þá vinnuskjal framkvæmdastjóra, vonast ég til að friður muni þá ríkja um þessa starfssemi Golfklúbbsins Keilis sem er án efa ein af helstu tekjulindum klúbbsins.

GSÍ þing var haldið þann 19. nóvember þar bar hæst að tillaga sem golfklúbbarnir GK, GR, GKG og GO lögðu fram um að GSÍ færi í stefnumótunarvinnu.
Hljóðaði tillagan þannig :

*„Þing Golfsambands Íslands, haldið í Garðabæ 19. nóvember 2011, samþykktir að efna til stefnumótunarvinnu um framtíðarsýn, hlutverk, skipulag, verkefni og fjármögnun Golfsambandsins næstu árin"*

*Miðað er við að vinnan skiptist í eftirfarandi áfanga:*
*Viðhorfskönnun meðal aðildarfélaga og opnu stefnumótunarferli verði lokið fyrir 1. apríl 2012.*
*Grófar niðurstöður og útlínur nýrrar framtíðarsýnar verði lagðar fyrir golfklúbba GSÍ fyrir 1. júní 2012. Umræður og athugasemdir frá golfklúbbum liggi fyrir 1. september 2012.*
*Endanlegar tillögur að stefnu GSÍ verði lagðar fram 15. október 2012.*
*Tillögur nefndarinnar skulu bornar undir formannafund GSÍ í nóvember 2012.*

Tillagan var samþykkt án mikillar umræðu á þinginu

Nú er fyrsta árinu lokið hjá Ólafi Þór framkvæmdastjóra og Daniel Harley vallarstjóra og tel ég að vel hafi gengið hjá þeim félögum að aðlaga sig nýjum störfum og sýnist mér að við höfum fengið hér úrvals menn í stöðurnar til að vinna fyrir félaga Keilis og óska ég þeim góðs gengis áfram.
Þess má geta að Guðbjörg Sigurðardóttir hefur látið af störfum á skrifstofunni og vil ég þakka henni sérstaklega fyrir vel unnin störf á síðastliðnum árum.

Hvaleyrarvöllurinn var að venju frábær þetta árið og vil ég þakka vallarstarfsmönnum fyrir frábært starf.
Einnig vil ég þakka framkvæmdastjóra, skrifstofufólki, kennurum og ræsum fyrir vel unnin störf svo og samstarfsaðilum okkar sem og Brynju Þórhallsdóttur sem að vanda sá um veitingar hér í skálanum.

Ég vil þakka stjórn Keilis fyrir vel unnin störf þar sem verkefnin eru eins og ávallt mikil og krefjandi.

Okkar markmið eru eins og ávallt, að Golfklúbburinn Keilir verði ætíð í fremstu röð golfklúbba á Íslandi.

Við í stjórn Keilis sendum félögum okkar óskir um gleðileg ól og farsæld á nýju ári.

Með kveðju,
*Bergsteinn Hjörleifsson, formaður Keilis.*



# Jólagjöf

## golfarans fæst í Hraunkoti







Silfurgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti.
Tilvalið fyrir þá sem eru að læra undirstöðuatriði golfleiksins.
Gjafabréfið inniheldur fjóra golftíma í 50 mín. hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Silfurgjafabréf kostar 26.000 kr.

Gullgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti.
Tilvalið fyrir þá sem komnir eru af stað í golfi og vilja halda áfram á réttri braut.
Gjafabréfið inniheldur fimm 25 mín. golftíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Gullgjafabréf kostar 21.000 kr.

Demantsgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti.
Tilvalið fyrir golfara sem vilja æfa sig og fá smá kennslu hjá golfkennara.
Gjafabréfið inniheldur tvo 25 mín. golftíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn demantskorts.

Demantsgjafabréf kostar 24.000 kr.

Platinugjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti.
Tilvalið fyrir þá sem vilja láta fínpússa sveifluna eða stutta spilið.
Gjafabréfið inniheldur þrjá 25 mín. golftíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn platinukorts.

Platinugjafabréf kostar 18.000 kr.

Golfkennarar Hraunkots



Gjafabréfin fást í
Golfbúðinni Dalshrauni 13
og Hraunkoti (golfæfingasvæði Keilis)

Nánari upplýsingar í Hraunkoti í síma 565-3361

Golfkennarar Hraunkots eru PGA meðlimir

Hraunkot
Golfæfingasvæði

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR
STEINHOLTI 1
HAFNARFJÖRÐUR
KT. 680169-6919

## ÁRSREIKNINGUR 2011

# Áritun endurskoðanda

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbsins Keilis fyrir starfsárið 1. nóvember 2010 til 31. október 2011. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi tímabilsins, efnahagsreikningi 31. október, sjóðstreymi, skýringum og sundurliðunum nr.1 - 14. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur.

Við endurskoðunina könnuðum við bókhald félagsins og önnur gögn sem nauðsynlegt þótti. Einnig voru lagðar fram fyrirspurnir og könnuð ýmis atriði með framkvæmdastjóra félagsins. Við höfum fengið greinagóð svör við öllum fyrirspurnum og teljum okkur hafa grunn til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi félagsins á rekstrartímabilinu og efnahag þess 31.október 2011 í samæmi við lög félagsins.

Hafnarfirði, 17. nóvember 2011

Gunnar Hjaltalín

**Gunnar Hjaltalín, löggiltur endurskoðandi.**

# Skýrsla og áritun stjórnar

Að áliti stjórnar Golfklúbbsins Keilis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31.október 2011, rekstrarárangri frá 1. nóvember 2010 til 31. október 2011 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hjá klúbbnum störfuðu á árinu um lengri eða skemmri tíma alls 30 starfsmenn.

Í árslok voru félagar í Keili **1283**

Stjórn Golfklúbbsins Keilis staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.

Hafnarfirði, 22.nóvember 2011.

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR
## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur :** | | | |
| Félagsgjöld | | 79.187.474 | 85.905.342 |
| Flatargjöld | | 14.864.592 | 11.703.450 |
| Mótatekjur | 1 | 14.292.084 | 12.689.650 |
| Styrkir og framlög | 2 | 14.992.709 | 13.407.778 |
| Tekjur æfingasvæðis | | 21.044.716 | 22.560.979 |
| Tekjur verslunar | 3 | 4.430.715 | 3.825.399 |
| Seld þjónusta | | 16.501.301 | 16.016.937 |
| Unglingavinna | | 2.400.000 | 2.400.000 |
| Aðrar tekjur | 4 | 8.736.046 | 6.256.572 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | 176.449.637 | 174.766.107 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Félagsskattur GSÍ | | 4.816.000 | 4.632.000 |
| Mótagjöld | 5 | 3.722.435 | 3.706.417 |
| Styrkir og þjálfunarkostnaður | 6 | 15.083.511 | 10.622.946 |
| Rekstur æfingasvæðis | 7 | 15.572.437 | 12.647.414 |
| Viðhald og rekstur valla | 8 | 33.099.848 | 28.567.191 |
| Viðhald og rekstur véla | 9 | 13.439.746 | 13.280.024 |
| Rekstur fasteigna | 10 | 8.875.186 | 9.800.352 |
| Stjórnunarkostnaður | 11 | 23.767.694 | 18.605.528 |
| Rekstur verslunar | 12 | 6.083.900 | 5.324.051 |
| Rekstur útseldrar þjónustu | 13 | 15.385.530 | 14.950.072 |
| Unglingavinna | | 2.400.000 | 2.400.000 |
| Annar kostnaður | 14 | 5.518.174 | 5.318.303 |
| Afskriftir | | 6.246.145 | 5.450.000 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | 154.010.606 | 135.304.298 |
| **Hagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | 22.439.031 | 39.461.809 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld: | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.244.419 | 1.264.770 |
| Vaxtagjöld | | -11.003.780 | -13.376.604 |
| Verðbætur | | -4.287.039 | -2.562.663 |
| Gengismunur | | 17.132.545 | 2.234.373 |
| **Samtals** | | 3.086.145 | -12.440.124 |
| **Hagnaður ársins** | | 25.525.176 | 27.021.685 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. OKTÓBER 2011

| EIGNIR | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir | | 207.327.243 | 205.944.643 |
| Bifreiðar | | 1.315.029 | 482.460 |
| Vélar og tæki | | 31.319.712 | 30.952.640 |
| Áhöld og innréttingar | | 2.760.083 | 3.247.156 |
| Golfvöllur | | 265.430.026 | 263.053.866 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 508.152.093 | 503.680.765 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Birgðir | | 7.624.404 | 8.034.764 |
| Viðskiptakröfur | | 15.111.909 | 26.252.010 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 5.199.362 | 4.147.985 |
| Bankainnistæður | | 451.642 | 263.406 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 28.387.317 | 38.698.165 |
| **Eignir alls** | | 536.539.410 | 542.378.930 |

| SKULDIR OG EIGIÐ FÉ: | | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé.** | | | |
| Framlag Hafnarfjarðarbæjar | | 249.103.175 | 249.103.175 |
| Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun | | 142.246.520 | 115.224.835 |
| Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | | 25.525.176 | 27.021.685 |
| **Eigið fé samtals** | | 416.874.871 | 391.349.695 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Verðtryggðar skuldir | | 102.637.046 | 68.898.676 |
| Gengistryggðar skuldir | | 0 | 65.132.545 |
| Næsta árs afborgun | | -12.000.000 | -30.000.000 |
| **Langtímaskuldir samtals** | | 90.637.046 | 104.031.221 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Tékkareikningslán | | 7.315.764 | 4.481.476 |
| Viðskiptaskuldir | | 3.008.439 | 4.437.485 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | | 4.547.828 | 4.202.384 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | | 750.000 | 1.393.306 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | | 1.405.462 | 2.483.363 |
| Næsta árs afborgun langtímalána | | 12.000.000 | 30.000.000 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 29.027.493 | 46.998.014 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 536.539.410 | 542.378.930 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SJÓÐSTREYMI 31. OKTÓBER 2011.

### HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Hagnaður ársins | 25.525.176 | 27.021.685 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:: | | |
| Afskriftir fastafjármuna | 6.246.145 | 5.450.000 |
| Verðbætur langtímalána | 4.287.039 | 2.562.663 |
| Gengismunur langtímalána | -17.132.545 | -2.234.373 |
| | 18.925.815 | 32.799.975 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða: | | |
| Skammtímakröfur, lækkun(hækkun) | 10.088.724 | -13.069.944 |
| Vörubirgðir, lækkun (-hækkun) | 410.360 | -2.371.224 |
| Skammtímaskuldir, (-lækkun) | -2.804.809 | -173.823 |
| | 7.694.275 | -15.614.991 |
| **HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ALLS** | 26.620.090 | 17.184.984 |

### FJÁRFESTINGARHREYFINGAR

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Endurbætur á golfvelli og húsnæði | -3.758.760 | -6.960.662 |
| Vélakaup | -6.958.713 | -5.838.000 |
| **FJÁRFESTINGARHREYFINGAR ALLS** | -10.717.473 | -12.798.662 |

### FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Afborgun veðskulda | -18.548.669 | -30.431.013 |
| Hækkun, tékkareikningsláns | 2.834.288 | 1.428.567 |
| Framlag Hafnarfjarðarbæjar | 0 | 21.736.800 |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS** | -15.714.381 | -7.265.646 |
| **HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ** | 188.236 | -2.879.324 |
| Handbært fé i ársbyrjun | 263.406 | 3.142.730 |
| **HANDBÆRT FÉ 31.10. 2011.** | 451.642 | 263.406 |

# SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2011.

## FASTAFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

Fastafjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir | Bifreiðar | Áhöld og Innr. | Vélar og tæki | Golfvöllur |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 01.01 ................ | 205.944.643 | 482.460 | 3.247.156 | 30.952.640 | 263.053.866 |
| Keypt á árinu .................. | 1.382.600 | 1.064.633 | 0 | 5.894.080 | 2.376.160 |
| Afskriftir ársins ................ | 0 | -232.064 | -487.073 | -5.527.008 | 0 |
| | 207.327.243 | 1.315.029 | 2.760.083 | 31.319.712 | 265.430.026 |
| Bókfært verð 31. 10. 2011 | 207.327.243 | 1.315.029 | 2.760.083 | 31.319.712 | 265.430.026 |

Eignir eru aðallega skráðar við upphaflegu kostnaðarverði. Fasteignir og golfvellir eru ekki afskrifaðir, enda litið svo á að hér sé um varanlegar eignir að ræða sem ekki rýrna að verðgildi nema síður sé, en hins vegar eru vélar og áhöld afskrifuð sem nemur um 15% af bókfærðu verði fyrra árs að viðbættri fjárfestingu ársins í slíkum eignum. Golfboltar eru fyrndir um 25%.

## EIGIÐ FÉ

Yfirlit yfir breytingar á eiginfjárreikningum 2011.

| | Yfirfært frá fyrra ári | Rekstrar afkoma | Samtals 31.10.2011 |
|---|---|---|---|
| **Annað eigið fé:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé ................ | 142.246.520 | 48.758.485 | 191.005.005 |
| Framlag Hafnarfjarðar ........... | 249.103.175 | 0 | 249.103.175 |
| | 391.349.695 | 48.758.485 | 440.108.180 |

Hreyfingar ársins á óráðstöfuðu eigin fé voru sem hér greinir:

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári ................................................ | 142.246.520 |
| Hagnaður ársins 2011 ............................................ | 25.525.176 |
| | 167.771.696 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2011.

| | | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **1.** | **MÓTATEKJUR** | | |
| | Tekjur, opin mót ........................................ | 8.867.084 | 7.703.650 |
| | Tekjur, innanfélagsmót .................................. | 4.005.000 | 3.666.000 |
| | Tekjur, firmakeppni ..................................... | 1.420.000 | 1.320.000 |
| | **MÓTATEKJUR ALLS** | 14.292.084 | 12.689.650 |
| **2.** | **STYRKIR OG FRAMLÖG** | | |
| | IBH, Alcan styrkur vegna unglinga ............................. | 627.135 | 584.776 |
| | Ferðastyrkur íþróttaráð ........................................ | 260.000 | 11.295 |
| | Framlag ÍSÍ vegna getrauna ...................................... | 285.793 | 384.347 |
| | Framlag ÍSÍ vegna lottó ......................................... | 659.020 | 657.346 |
| | Afreksmannasjóður ÍBH ........................................ | -300.000 | 600.000 |
| | Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja ................... | 8.152.195 | 5.106.300 |
| | Framlag Hafnarfjarðar v/skrifstofu og rekstur valla............. | 5.308.566 | 6.063.714 |
| | **STYRKIR OG FRAMLÖG ALLS** | 14.992.709 | 13.407.778 |
| **3.** | **TEKJUR VERSLUNAR** | | |
| | Seldar golfvörur .............................................. | 4.430.715 | 3.825.399 |
| | **TEKJUR VERSLUNAR ALLS** | 4.430.715 | 3.825.399 |
| **4.** | **AÐRAR TEKJUR** | | |
| | Skápaleiga. ..................................................... | 805.000 | 756.000 |
| | Leiga golfbíla og golfsetta ..................................... | 2.153.600 | 1.898.900 |
| | Unglinganámskeið og æfingargjöld............................... | 4.922.822 | 3.268.716 |
| | Húsaleigutekjur ................................................ | 167.000 | 0 |
| | Vetrarsala ...................................................... | 687.624 | 332.956 |
| | **AÐRAR TEKJUR ALLS** | 8.736.046 | 6.256.572 |
| **5.** | **MÓTAGJÖLD** | | |
| | Kostnaður vegna innanfélagsmóta ................................ | 900.828 | 1.330.144 |
| | Kostnaður vegna opinna móta .................................... | 1.680.245 | 975.806 |
| | Verðlaun.......................................................... | 1.141.362 | 1.400.467 |
| | **MÓTAGJÖLD ALLS** | 3.722.435 | 3.706.417 |
| **6.** | **STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR** | | |
| | Laun og launatengd gjöld þjálfara ................................ | 11.742.464 | 5.884.614 |
| | Annar kostnaður ................................................. | 27.749 | 109.934 |
| | Keppnisstyrkir .................................................. | 3.016.066 | 3.488.502 |
| | Evrópukeppni ..................................................... | 50.000 | 56.700 |
| | Þjálfun afreksfólks.............................................. | 247.232 | 1.083.196 |
| | **STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR ALLS** | 15.083.511 | 10.622.946 |

## 7. REKSTUR ÆFINGASVÆÐIS

| | | |
|---|---|---|
| Laun vegna Hraunkots og eftirlits | 6.173.085 | 5.431.264 |
| Tryggingagjald | 737.240 | 526.946 |
| Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður | 775.601 | 514.707 |
| Æfingaboltar | 2.631.621 | 1.990.460 |
| Hraunkot innkaup og auglýsingar | 1.895.707 | 1.550.811 |
| Hraunkot viðhald | 1.254.229 | 1.005.834 |
| Hraunkot hiti | 299.050 | 475.704 |
| Hraunkot rafmagn | 1.009.045 | 971.899 |
| Starfsmannakostnaður | 237.009 | 0 |
| Viðhald svæðis og æfingamottur | 559.850 | 179.789 |
| **REKSTUR ÆFINGASVÆÐIS ALLS** | 15.572.437 | 12.647.414 |

## 8. VIÐHALD OG REKSTUR VALLA

| | | |
|---|---|---|
| Launakostnaður | 23.211.304 | 18.725.073 |
| Tryggingagjald | 2.296.820 | 1.789.367 |
| Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður | 2.122.620 | 1.884.914 |
| Námskeið ofl.vegna starfsmanna | 464.826 | 427.760 |
| Vinnufatnaður starfsmanna | 130.348 | 145.395 |
| Félagsgjöld SIGI | 45.000 | 55.000 |
| Viðhald valla | 2.504.663 | 2.289.004 |
| Áburður og fræ | 462.706 | 313.090 |
| Sandur | 210.735 | 882.645 |
| Vatnsgjald | 0 | 20.343 |
| Eftirlit á völlum | 1.623.950 | 2.008.800 |
| Aðkeyptur akstur | 26.876 | 25.800 |
| **VIÐHALD OG REKSTUR VALLA ALLS** | 33.099.848 | 28.567.191 |

## 9. VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA

| | | |
|---|---|---|
| Launakostnaður | 4.399.340 | 4.350.550 |
| Tryggingagjald | 410.987 | 325.363 |
| Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður | 351.947 | 278.623 |
| Eldsneyti á vélar og tæki | 3.047.374 | 2.837.096 |
| Viðhald og varahlutir | 4.913.536 | 5.433.392 |
| Tryggingar véla og tækja | 316.562 | 55.000 |
| **VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA ALLS** | 13.439.746 | 13.280.024 |

## 10. REKSTUR FASTEIGNA

| | | |
|---|---|---|
| Rafmagn í skála | 1.090.164 | 988.695 |
| Viðhald skála | 1.343.788 | 2.723.447 |
| Hiti í skála | 268.651 | 276.212 |
| Hiti í áhaldahúsi | 201.181 | 193.153 |
| Viðhald áhaldahúss | 331.782 | 497.417 |
| Tryggingar | 1.213.240 | 904.849 |
| Hreinlætisvörur | 614.773 | 631.209 |
| Viðhald áhalda og innréttinga | 350.750 | 480.937 |
| Fasteignagjöld | 217.207 | 212.560 |
| Securitas gæsla | 627.683 | 665.486 |
| Ræsting, | 2.615.967 | 2.226.387 |
| **REKSTUR FASTEIGNA ALLS** | 8.875.186 | 9.800.352 |

## 11. STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 14.508.501 | 10.499.072 |
| Tryggingagjald | 1.378.108 | 877.583 |
| Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður | 1.598.470 | 1.106.107 |
| Sími á skrifstofu | 1.269.748 | 1.390.065 |
| Prentun og ritföng | 1.300.526 | 1.204.307 |
| Frímerki og gíróseðlar | 164.223 | 138.250 |
| Kostnaður vegna stjórnar og nefnda | 1.285.483 | 1.327.672 |
| Viðhald skrifstofutækja | 1.172.792 | 899.728 |
| Bókhald/Endurskoðun | 354.745 | 527.071 |
| Annar kostnaður | 735.098 | 635.673 |
| **STJÓRNUNARKOSTNAÐUR ALLS** | 23.767.694 | 18.605.528 |

## 12. REKSTUR VERSLUNAR

| | | |
|---|---|---|
| Golfvörur | 2.831.955 | 2.512.280 |
| Laun og launatengt verslun | 3.251.945 | 2.811.771 |
| **REKSTUR VERSLUNAR ALLS** | 6.083.900 | 5.324.051 |

## 13. REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 8.500.000 | 8.047.156 |
| Tryggingagjald | 794.070 | 790.000 |
| Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður | 1.020.000 | 960.000 |
| Áburður og fræ | 2.288.816 | 2.647.711 |
| Flutningur tækja | 501.177 | 520.000 |
| Viðhald véla | 1.061.467 | 1.029.030 |
| Eldsneyti | 1.220.000 | 956.175 |
| **REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU ALLS** | 15.385.530 | 14.950.072 |

## 14. ANNAR KOSTNAÐUR

| | | |
|---|---|---|
| Flatargjöld á vinavöllum | 1.876.200 | 1.904.300 |
| Hóf og gestamóttaka | 487.272 | 477.046 |
| Tækifærisgjafir | 226.156 | 121.304 |
| Afnotagjald sjónvarps | 308.509 | 247.338 |
| Auglýsingar | 699.458 | 459.693 |
| Eftirlitsgjald og starfsleyfi | 189.523 | 133.738 |
| Pokamerki | 613.404 | 364.411 |
| Golfskóli/kennsla | 342.706 | 728.127 |
| Nýliðanámskeið | 0 | 165.462 |
| Ýmis annar kostnaður | 0 | 107.565 |
| Gámaleiga | 774.946 | 609.319 |
| **ANNAR KOSTNAÐUR ALLS** | 5.518.174 | 5.318.303 |

# FJÁRHAGSÁÆTLUN GOLFKLÚBBSINS KEILIS 2012

| **Rekstrartekjur** | | **Áætlun 2012** | Rauntölur 2011 |
|---|---|---|---|
| **Félagsgjöld** | **Kr.** | **87,000,000** | 79,187,474 |
| **Flatargjöld** | **Kr.** | **13,400,000** | 14,864,592 |
| **Mótatekjur** | **Kr.** | **13,500,000** | 14,292,084 |
| **Styrkir og framlög** | **Kr.** | **16,410,000** | 14,992,709 |
| **Tekjur æfingasvæðis** | **Kr.** | **21,882,000** | 21,044,716 |
| **Tekjur verslunar** | **Kr.** | **4,400,000** | 4,430,715 |
| **Seld þjónusta** | **Kr.** | **14,900,000** | 16,501,301 |
| **Unglingavinna** | **Kr.** | **2,400,000** | 2,400,000 |
| **Aðrartekjur** | **Kr.** | **9,805,000** | 8,736,046 |
| **Rekstrartekjur samtals.** | | **183,697,000** | 176,449,637 |

| **Rekstrargjöld** | | | |
|---|---|---|---|
| **Félagaskattur GSI** | **Kr.** | **5,000,000** | 4,816,000 |
| **Mótagjöld** | **Kr.** | **3,500,000** | 4,176,439 |
| **Styrkir og þjálfunarkostnaður** | **Kr.** | **15,000,000** | 14,935,281 |
| **Rekstur æfingasvæðis** | **Kr.** | **17,470,000** | 15,572,437 |
| **Viðhald og rekstur vallar** | **Kr.** | **30,545,000** | 33,099,848 |
| **Viðhald og rekstur véla** | **Kr.** | **13,380,000** | 13,439,746 |
| **Rekstur fasteigna** | **Kr.** | **9,350,000** | 8,875,186 |
| **Stjórnunarkostnaður** | **Kr.** | **22,380,000** | 23,767,694 |
| **Rekstur verslunnar** | **Kr.** | **6,100,000** | 6,083,900 |
| **Rekstur útseldrar þjónustu** | **Kr.** | **13,950,000** | 15,385,530 |
| **Unglingavinna** | **Kr.** | **2,400,000** | 2,400,000 |
| **Annar kostnaður** | **Kr.** | **5,460,000** | 5,666,404 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | **144,535,000** | 148,218,465 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | **Kr.** | **39,162,000** | 28,231,172 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | |
| **Vaxtatekjur** | **Kr.** | **100,000** | |
| **Vaxtagjöld** | **Kr.** | **9,000,000** | |
| **Uppruni fjármagns:** | | | |
| **Framlag rekstrar** | **Kr.** | **30,262,000** | |
| | | **30,262,000** | |
| **Ráðstöfun fjármagns:** | | | |
| **Lækkun langtímaskulda** | **Kr.** | **11,000,000** | |
| **Vélakaup** | **Kr.** | **7,500,000** | |
| **Vökvunarkerfi** | **Kr.** | **1,000,000** | |
| **Nýframkvæmdir við völl** | **Kr.** | **10,762,000** | |
| | | **30,262,000** | |



# Framtíðarskipulag Golfklúbbssins Keilis



# Minnispunktar frá aðalfundi

# Aðalstyrktaraðilar Keilis eru:

| | |
|---|---|
| Alcan á Íslandi | Servida |
| Síminn | Tax Free |
| Bensínorkan | Góa |
| Sjóvá | Landsbankinn |
| Bílaleiga Akureyrar | KFC |
| Opin Kerfi | Jónar transport |
| Borgun | Vífilfell |
| Ásbjörn Ólafsson | Ölgerðin Egill Skallagrímsson |
| Fjarðarkaup | Hótel Hveragerði |
| Skeljungur | NTC |
| Subway | Point |
| BYR | Icelandair Golfers |
| Hafnarfjarðarbær | Tölvustoð |
| Epli.is | Fura |
| Hampiðjan | Trefjar |
| Mannvit | Húsasmiðjan |
| Naust Marine | RJC |
| Securitas | Tor |
| ISS á Íslandi | |

# Bóka jól




## MacBook Air
## Verð frá: 179.990

epli.is

**Laugavegi 182** | Opið virka daga 10-18 | Laugardaga 12-16
**Smáralind** | Opið virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11-21 | Laugardaga 11-18 | Sunnudaga 13-18